

Ed.

534. Breytingartillögur

[16. mál]

við frv. til 1. um áburðarverksmiðju.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Fjár þess, sem þarf til að standast kostnað samkv. fyrirmælum 1. gr., skal afla á þann hátt, sem hér segir:

- a. Með framlagi úr rekstrarsjóði Áburðarsölu ríkisins, og er það fé óafturkræft.
- b. Með frjálsri þátttöku almennings í landinu, eftir reglum, sem ríkisstjórnin setur um það atriði.
- c. Með framlagi úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.
- d. Með lántöku innan lands eða utan.

Heimilt skal ríkisstjórninni að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, samkv. d-lið þessarar greinar, þegar öllum undirbúningi undir framkvæmdir samkv. 1. gr. er lokið og ákvæðum 5. gr. fullnægt að öðru leyti.

Áburðarverksmiðjan skal standa straum af vöxtum og afborgunum af því fé, sem lagt er til hennar samkvæmt c- og d-lið þessarar greinar.

2. Við 3. gr. 1. másl. falli niður.